

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



Reykjavík 30. maí 2017
UST201704-014/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst 3. apríl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Megináherslur

Í lýsingu kemur fram að lögð er áhersla á skynsamlega nýtingu lands, m.a. hvað varðar akuryrkju, vatnsvernd og náttúruvernd. Einnig kemur fram að áhersla verður lögð á stefnu í orkuöflun sérstaklega með tilliti til vindorku og lítilla virkjana og að gert er ráð fyrir að ferðaþjónusta eflist enn frekar.


Umhverfisstofnun bendir á varðandi áherslu á nýtingu vindorku, að landsskipulag leggur áherslu á að við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnsluskosti og lagningu raflína, verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Einnig bendir stofnunin á að varðandi vindorku er gagnlegt að líta til reynslu Dana en þar í landi eru sífellt fleiri andvígir því að staðsetja vindmyllur nærri byggð, og áhersla er frekar á að staðsetja þær fjarri byggð. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að skilgreina landslag og svæði þar sem síður væri æskilegt að staðsetja vindmyllur, t.d. svæði með fagurt útsýni. Einnig þarf að hafa í huga möguleg áhrif á farleiðir fugla og einnig hátíðnihljóð og hávaða er slíkum mannvirkjum geta fylgt. Æskilegt væri að vindmyllur væru staðsettar á svæðum sem nú þegar eru röskuð og einnig að myllur séu staðsettar fleiri saman frekar en dreifðar. Að lokum bendir stofnunin á að frekar en að hvert sveitarfélag ákveði að staðsetja vindmyllur í sínu sveitarfélagi, þá eigi að líta til landsins í heild og velja svæði er henta til slíkrar orkuframleiðslu frekar en að dreifa þeim um allt land.


Náttúruvernd

Gjáin í Þjórsárdal er náttúruminjasvæði sem hugmyndir hafa verið um að sé svæði sem þyrfti að friðlýsa. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að mikilvæg svæði sem sótt eru af ferðamönnum missi ekki verndargildi sitt við ágang ferðamanna.

Varðandi eflingu ferðapjónustu bendir stofnunin á mikilvægi þess að uppbygging innviða fylgi eflingu ferðapjónustu, þar sem þörf er á. Sú uppbygging ætti að miðast við að hlífa náttúruminum, falla vel að landslagi og stuðla að sjálfbærri ferðapjónustu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri